

BMF-2017-14 Rock the Boat

Um er að ræða útitónleika í júnímánuði ár hvert, sem fara fram á gömlum báti í þorpinu, en umhverfið er Bakkinn, opið svæði við sjóinn í miðju þorpinu. Sótt er um styrk til að geta endurtekið tónleikana „Rock the Boat“, sem voru haldnir í fyrsta sinn þann 17. júní 2016 á Breiðdalsvík. Viðburðurinn vakti mikla athygli og fjöldi gesta víðs vegar að úr fjórðunginum kom að hlusta og skemmta sér. Sótt er um styrk vegna leigu á hljóðtækjum ásamt uppsetningu og umsjón og einnig vegna ferðakostnaðar tónlistarmanna. Stefnt er að því að samkoman verði árlega, ef veður hamlar verður hún flutt í frystihússal Hótel Bláfells. Hátíðin er liður í uppbyggingu, hvetur til samstarfs og samstöðu og það fellur vel að skilaboðum íbúapings.

Verkefninu var úthlutað 200.000 kr. árið 2017.

